

Umsögn: Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna

Samtökin '78 – Félag hinsegin fólks á Íslandi fagnar því að jafnréttislög nái einnig til fólks með hlutlausu kynskráningu og telur það vera til mikilla bóta.

Þó eru nokkur atriði sem Samtökin '78 telja að geti farið betur og fyrst ber að nefna í kafla er fjallar um markmið laganna. Þar segir að „Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.“ Við leggjum til orðalagsbreytingu til að gera markmiðin enn skýrari fyrir þann breiða hóp sem fjallað er um: „Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum allra kynja á öllum sviðum samfélagsins.“

Í greinargerð frumvarpsins er fjallað um kyn og fjölda þeirra. Þar segir: „Skiptar skoðanir geta verið á því hvort líta eigi svo á að heimildin til hlutlausrar kynskráningar þýði að kynin séu nú þrjú eða hvort kynin séu áfram tvö en að jafnframt geti einstaklingar kosið að tilheyra hvorugu þeirra.“ Samtökin '78 benda á að enginn vafi leikur á um það að kynin eru vissulega fleiri en tvö ásamt því að sumir einstaklingar eru hvorugt, bæði eða með flæðandi kynvitund. Sumir þessara einstaklinga kjósa svo að skrá sig hlutlaust í kerfum hins opinbera og hér er gerð tilraun til að tryggja rétt þeirra skv. lögum.

Í þeim tilvikum eru lögín jákvæð en á mörgum stöðum virðist sem „hlutlaus kynskráning“ hafi einfaldlega verið bætt við án þess að hugsa almennilega um samþættingu allra þeirra kynja sem til eru ásamt ólíkum kynvitundum og kyntjningum. Samtökin '78 vilja beina því til nefndarinnar að huga ávallt að fjölbreytileika kyns í stað þess að bæta einungis „hlutlaus kynskráning“ á eftir karl og kona.

Það þarf að passa það að tala ekki um „hlutlausu kynskráningu“ sem kyn, því það er hugtakið einmitt ekki. Hlutlaus kynskráning er þriðja kynskráningin sem heimilt er að skrá skv. lögum um kynrænt sjálfræði. Það gerir hana ekki að kynvitund, því innan þessarar skráningar geta margar kynvitundir samræmst. Betra væri að tala um „fólk sem hefur karlkyn, kvenkyn eða hlutlausu skráningu kyns í Þjóðskrá“.


Samtökin '78 vilja einnig benda á orðalag í 28. gr laganna, og sérstaklega orðalag greinargerðar við þá grein: „Lagt er þó til að orðin „kvenna og karla“ komi í staðinn fyrir orðið „kynjanna“ í 1. mgr. Þetta er lagt til þar sem ákvæðið byggist á því að fjöldi kvenna og karla á hverjum tíma sé svipaður og miðar að því að jafna þátttökumöguleika og áhrif þessara tveggja hópa í samfélaginu. Mælt er því fyrir um tiltekið lágmarkshlutfall kvenna og karla í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera. Slík regla getur eðli máls samkvæmt

tæpast tekið fullum fetum til einstaklinga með hlutlausa skráningu kyns enda ólíklegt að sá hópur verði úkjastór." Þarf að skoða mun betur.

Með þessari breytingu, sem listuð er upp hér að ofan, er farið beint á móti tilgangi laga um kynrænt sjálfræði. Ákveðið er að taka kynsegin fólk eða þá einstaklinga sem ekki falla undir kynjatvíhyggjuna út fyrir sviga, sem er einmitt tilgangur þessa lagafrumvarps, að okkar mati. Þarna er kynsegin fólk haldið fyrir utan og þau réttindi sem ávinnast með lagabreytingunni á ekki við um þá einstaklinga. Þetta telja Samtökin '78 vera varasama breytingu og beina því til nefndarinnar að lagfæra þessi mistök hið snarasta.

Að lokum vilja Samtökin '78 óska allsherjar- og menntamálanefnd velfarnaðar og um leið beinum því til nefndarinnar að Samtökin '78 eru reiðubúin að koma fyrir nefndina til að rökstyðja umsögn okkar ásamt því að svara spurningum nefndarfólks.

Fyrir hönd Samtakanna '78,



Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri



Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður